

2340. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 10. desember 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Edvard Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Ólafur Hrafn Ólafsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Þorkell Máni Pétursson
Þorsteinn Haukur Harðarson

Á Teams:

Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Trausti Hjaltason

Forföll:

Guðmundur Hafþórsson
Sigrún Ríkharðsdóttir
Tryggvi Gunnarsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Axel Kári Vignisson lögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu stjórnarfunda
 - a. Lagðar fram fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda (fundir nr. 2338 og 2339). Fundargerðirnar hafa þegar verið undirritaðar rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram
 - a. Lögð fram fundargerð mótanefndar frá 25. nóvember, þar sem fjallað var um upphafsdagsetningar og leikdaga í Bestu deild karla og Mjólkurbikar karla.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fjallaði stuttlega um ýmis verkefni skrifstofu KSÍ síðustu vikur og mánuði. Hér er stiklað á stóru. Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra aðildarfélaga fór fram í höfuðstöðvum KSÍ 29. nóvember síðastliðinn fyrir fullu húsi, áætlanagerð sviða og deilda á skrifstofu KSÍ er í fullum gangi, og innleiðing á COMET kerfinu gengur að mestu vel. Í vikunni var fundað með stjórn þjóðarleikvangs um málefni Laugardalsvallar. Fulltrúar KSÍ fengu nýverið kynningu á gervigrasi án innfylliefnis í tengslum við komandi breyttar Evrópureglur um innfylliefni.
4. Málefni landshluta
 - a. Trausti Hjaltason (Suðurland) greindi frá því að hann hefði fengið nokkuð af

fyrirspurnum frá félögum á svæðinu um komandi ársþing á Egilsstöðum, um gistingu og annað - Eysteinn framkvæmdastjóri var til svara, bréf verður sent á aðildarfélög KSÍ með upplýsingum í desember venju samkvæmt. Þorsteinn Haukur Harðarson (Vesturland) sagði frá því að hann hefði fengið spurningar frá félögum á Vesturlandi um fjármál í kjölfar á kynningu á tillögum stjórnar á nýlegum fundi formanna og framkvæmdastjóra.

5. Móta- og dómaramál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar greindi frá umfjöllun mótanefndar um upphaf Bestu deildar karla og samspili þeirrar deildar við fyrstu umferðir Mjólkurbikars karla. Ákveðið hefur verið að 32-liða úrslit Mjólkurbikarsins verði leikin um páska (3.-6. apríl) og að Besta deildin hefjist þá um 10. apríl, sem kallar á breyttar dagsetningar í forkeppni Mjólkurbikarsins og breytta leikdaga í B og C deild Lengjubikarins.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór yfir ýmis málefni tengd dómaramálum á árinu 2025 – innlend jafnt sem erlend verkefni ársins hjá dómurum og dómaranefnd, FIFA-lista dómara, og stöðu mála í dómaramálum almennt.

6. Lög og reglugerðir

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að félagaskiptagluggum ársins 2026. Á stjórnarfundum í lok nóvember var ákveðið að óska eftir umsögnum félaga um tillöguna og taka hana til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum og því lá hún fyrir til samþykktar nú. *Stjórn samþykkti tillöguna.*
- b. Eysteinn lagði fram reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og kvenna til samþykktar. *Stjórn samþykkti reglugerðirnar.*
- c. Loks kynntu Eysteinn og Axel lögfræðingur áður samþykktu tillögu að breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál þar sem fjallað er um menntunarkröfur þjálfara í efstu deild karla og efstu deild kvenna. *Stjórn staðfesti að tillagan komi nú til framkvæmda.*

7. Laugardalsvöllur

- a. Ingi Sigurðsson varaformaður og Eysteinn framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála og greindu m.a. frá fundi með stjórn Þjóðarleikvangs í vikunni. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg stendur ekki til að gera nýjan og uppfærðan rekstrarsamning milli Borgarinnar og KSÍ um Laugardalsvöll, með tilvísun í nýlega fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg um einhliða framlengingu Borgarinnar á núverandi samningi og óbreyttu rekstrarframlagi frá borginni. Eysteinn greindi frá samskiptum við fulltrúa Reykjavíkurborgar. Margir stjórnarmenn tóku til máls, ýmsir fletir á stöðunni og möguleikar voru ræddir og næstu skrefum velt upp. Eysteini falið að ræða við fulltrúa Reykjavíkurborgar.
- b. Einnig voru ýmis önnur málefni tengd rekstri, umhirðu og viðhaldi Laugardalsvallar rædd, kostnaðarsöm verkefni eins og flóðljós og dúkur yfir leikflötinn, og rætt var hvort hagkvæmara væri að leigja dúk eða kaupa. Stjórnarmenn lögðu fram spurningar og Ingi, Eysteinn og Þorvaldur formaður voru til svara. *Ákveðið að virkja kauprétt á dúk sem leigður var í haust, þar sem hluti leiguverðs gengur inn í kaupverð.*

8. Fjármál

- a. Þorvaldur formaður ræddi nýlegan fund formanna og framkvæmdastjóra, þar sem fjallað var um tillögur stjórnar varðandi þátttökugjöld og ferða- og uppihaldskostnað dómara. Stjórnarmenn ræddu fundinn, umfjöllunarefnið, viðbrögð við kynningunni og

framhaldið. Heimir Fannar formaður ÍTF greindi frá umræðu um kynninguna og umfjöllunarefnið á fundi ÍTF, þar sem fram kom að almennt sé ánægja með að verið sé að taka skref í þessum málum, þó vissulega séu ekki allir sammála um skrefin. *Ákveðið að fela fjárhagsnefnd KSÍ að funda með fulltrúum ÍTF um framhaldið.*

- b. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir ýmislegt tengt Barna- og unglingastyrk UEFA, og lagði fram tillögu að skiptingu á styrk ársins 2026. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*

9. Önnur mál

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri fjallaði um flóðlýsingu við keppnisvelli í efstu deildum og fór yfir nokkur dæmi í því samhengi. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga kemur fram að *“Við nýframkvæmdir og endurbætur á flóðlýsingu á leikvöllum í flokki B skal lýsingin að lágmarki vera 800 Eh(lux)”*. Nokkrar umræður urðu á meðal stjórnarmanna, dæmi um nálgun félaga og ekki síður sveitarfélaga voru rædd, nokkrir stjórnarmenn deildu sinni reynslu af slíkum verkefnum og voru allir sammála um að mikilvægt sé að KSÍ sé til staðar fyrir aðildarfélögin og bjóði þeim og sveitarfélögum ráðgjöf eftir þörfum.

Fundi slitið kl. 18:08.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir 15. jan. og 29. jan.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Undirritunarsíða

Trausti Hjaltason

Þorsteinn Haukur Harðarson

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson